

BBF-2018-12 – Björn Kristjánsson: Lífræn ræktun

Verkefnið lýtur að lífrænni ræktun matjurta á Borgarfirði og sölu uppskeru til veitingaaðila á staðnum. Styrkur er veittur til efniskaupa og byggingar gróðurhúss til forræktunar. Mikilvægt er að staðsetning aðstöðu til ræktunar sé valin og útfærð í fullu samráði við og samkvæmt leyfum sveitarstjórnar/skipulagsnefndar eftir því sem við á. Fram kemur í styrkumsókn að umsækjandi hyggst framleiða lífrænar matjurtir og selja til veitingastaða á svæðinu og jafnvel beint til ferðamanna og skal sýnt fram á það í lokaskýrslu.

Verkefninu var úthlutað 250.000 kr. árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.